Textar

HARMÓNÍU
KÓRINN

Árbæjarkirkja – 14. maí 2025

Útg. 1 – Tónleikaröð

Nú sefur jörðin

Nú sefur jörðin sumargræn.
Nú sér hún rætast hverja bæn
og dregur andann djúpt og rótt
um draumabláa júlínótt.

Við yztu hafsbrún sefur sól
og sofið er í hverjum hól.
Í sefi blunda svanabörn
og silungur í læk og tjörn.

Á túni sefur bóndabær
og bjarma' á þil og glugga slær.
Við móðurbrjóstin börnin fá
þá beztu gjöf, sem lífið á.

Nú dreymir allt um dýrð og frið
við dagsins þögla sálarhlið
og allt er kyrrt um fjöll og fjörð
og friður drottins yfir jörð.

Davíð Stefánsson

Sing gently

May we sing together, always.
May our voice be soft.
May our singing be music for others
and may it keep others a loft.
Sing, sing gently, always.
Sing, sing as one, one.
Always be strong, may we hear the singing
and may we always sing along.
Sing, sing gently, always.
Sing, sing as one, as one, one, one,
sing gently as one.

Krummavísa

Krummi krunkar úti,
kallar á nafna sinn:
„Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn.
Komdu nú og kroppaðu með mér,
krummi, nafni minn”.

Þjóðvísa

Blue bird

The lake lay blue below the hill.
The lake lay blue below the hill.
below the hill lay blue.
Cold and still, there flew a bird
whose wings were palest blue.
The sky above was blue at last.
The sky beneath me blue in blue,
was blue in blue, blue in blue.
It caught, it caught his image,
his image as he flew.
The lake lay blue below the hill

Fröken Reykjavík

Hver gengur þarna eftir Austurstræti
og ilmar eins og vorsins blóm
með djarfan svip og ögn af yfirlæti
á ótrúlega rauðum skóm ?
Ó, það er stúlka engum öðrum lík,
Það er hún Fröken Reykjavík,
sem gengur þarna eftir Austurstræti
á ótrúlega rauðum skóm.
Og því er eins og hafi vaxið vorsins blóm á stræti.

Hver situr þar með glóð í gullnum lokkum
í grasinu á Arnarhól
svo æskubjört í nýjum nælonsokkum
og nýjum flegnum sigffonkjól?
Ó, það er stúlka engum öðrum lík,
það er hún Fröken Reykjavík,
sem situr þar með glóð í gullnum lokkum
í grasinu á Arnarhól
svo æskubjört og fríð og nett í nýjum kjól og sokkum.

Hver svífur þarna suður Tjarnarbakka
til samfundar við ungan mann
sem bíður einn á brúnum sumarjakka
hjá björkunum við Hljómskálann?
Ó, það er stúlka engum öðrum lík,
það er hún Fröken Reykjavík,
sem svífur þarna suður Tjarnarbakka
til samfundar við ungan mann
sem bíður einn hjá björkunum við |:Hljómskálann:|

Jónas Árnason

Stúlkan mín er mætust

Stúlkan mín er mætust meyja og kvenna.
Sveinar ástaraugum á eftir henni renna.
Og þeir allir saman á öndinni standa
yfir því hvert afbragð hún er til munns og handa.

Dável samansett hún er, silkimjúk og nett hún er.
Lipur, grönn og létt hún er, laus við svik og prett' hún er.
Ég mun alla ævi iðka þann vana
kátur kvölds og morgna að kyssa' og faðma hana.

Jónas Árnason

Einu sinni á ágústkvöldi

Einu sinni'á ágústkvöldi
austur í Þingvallasveit
gerðist í dulitlu dragi
dulítið sem enginn veit.
Nema við og nokkrir þrestir
og kjarrið græna inn í Bolabás
og Ármannsfellið fagurblátt
og fannir Skjaldbreiðar
og hraunið fyrir sunnan Eyktarás.
Þó að æviárin hverfi
út á tímans gráa rökkurveg,
við saman munum geyma þetta
ljúfa leyndarmál,
landið okkar góða, þú og ég.

Jónas Árnason

Um stjörnubjarta nótt

SA:
Um stjörnubjarta nótt er stafar skugga' á jörð
þá standa náð og gæska um mig vörð,
um svo bjarta nótt, um bjarta nótt.
Hið forna ár er á brott, allt er heilt allt er gott,
á jörðu sumar sælt, og í sál.
Um stjörnubjarta nótt, um stjörnubjarta,
(bjarta nótt), um stjörnubjarta nótt.
Ég stari' (í undrun, er ég geng) og græt,
á geisla, skugga' og skin.
Um stjörnubjarta nótt, (um bjarta nótt), um svo bjarta nótt,
um bjarta nótt, um stjörnubjarta nótt.
TB:
Um stjörnubjarta nótt er stafar skugga' á jörð
þá standa náð og gæska um mig vörð,
um svo bjarta nótt, um bjarta nótt.
Um stjörnubjarta nótt, um stjörnubjarta nótt
(um stjörnubjarta nótt) um bjarta nótt
Hið forna ár er á brott, allt er heilt allt er gott,
á jörðu sumar sælt, og í sál.
Um stjörnubjarta nótt, um stjörnubjarta,
(bjarta nótt), um stjörnubjarta nótt.
Ég stari' (í undrun, er ég geng) og græt,
á geisla, skugga' og skin.
T: Um stjörnubjarta nótt, um svo bjarta nótt,
um bjarta nótt, um stjörnubjarta nótt.
B:Um stjörnubjarta nótt er stafar skugga' á jörð,
þá standa náð og gæska um mig vörð,
um svo bjarta nótt, um bjarta nótt, um stjörnubjarta nótt.

Kristín Jóhannesdóttir

Nú legg ég augun aftur

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðar kraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt

Sveinbjörn Egilsson

Serenata

Svo þýður blær, af tungli bjarma slær.
Hér bíð ég þín, elskan hér bíð ég þín.
Hve lengi bíð ég þess að þig ég fái?
Ég get ei verið án þín, já, þig ég þrái.

Sólveig Sigurðardóttir þýddi

Varir þegja

Varir þegja vildu segja: Unn þú mér.
Fiðlur hljóma enduróma: Ann ég þér.
Handtak hlýtt mér tjáir heitt þú elskir mig.
Eitt er víst, já eitt er víst, ég elska þig.

Brostu vina, brostu vina blítt til mín.
Brostu svo að ljómi skæru augun þín.
Í þau vil ég stara og í þeim vil ég sjá
alla mína hamingju sem lífið á.

Brindisi

Libiamo ne' lieti calici, che la bellezza infiora,
e la fuggevol ora, s'inebrii a voluttà.
Libiam ne' dolci fremiti, che suscita 1'amore,
poichè quell'occhio al core, onnipotente va.
Libiamo; amore fra i calici, più caldi baci avrà.

Ah! libiam; amore fra' calici
più caldi baci avrà.

Tra voi saprò dividere, il tempo mio giocondo;
tutto è follia nel mondo, ciò che non è piacer.
Godiam, fugace e rapido, è il gaudio dell'amore;
è un fior che nasce e muore, nè più si può goder!
Godiam; c'invita un fervido, accento lusinghier.

Ah! godiamo, la tazza, la tazza e il cantico
La notte abbella e il riso;
in questo in questo paradiso
ne scopra il nuovo dì.

La vita è nel tripudio .. / Quando non s’ami ancora.
Nol dite a chi l’ignora / È il mio destin così

Ah! si godiamo, godiamo, godiamo, la tazza e il cantico
La notte abbella e il riso;
godiamo, godiamo, godiamo in questo paradiso
ne scopra ne scopra il nuovo dì,
ne scopra il nuovo il nuovo dì,
ne scopra il nuovo il nuovo dì.

Ölerindi

Nú er ég glaður á góðri stund,
sem á mér sér;
guði sé lof fyrir þennan fund
og vel sé þeim sem veitti mér.

Vitjað hefi' ég á vinamót,
sem nú á sér;
reynt af mörgum hýrleg hót;
og vel sé þeim sem veitti mér.

Gott er að hætta hverjum leik,
þá hæst fram fer.
Nú skal hafa sig á kreik,
og vel sé þeim sem veitti mér.

Hallgrímur Pétursson